

Þróunarfræðsla á Íslandi

- eftir Jórinni Eddu Helgadóttur

Samantekt

Fræðsla um þróunarmál er afar takmörkuð og ómarkviss í íslenskum grunn- og framhaldsskólum. Í þeim fáu grunnskólum þar sem slík fræðsla er í boði tengist hún helst söfnunum frjálsra félagsamtaka og námsefnið er fyrst og fremst fræðslu- og kynningarefni samtakanna sem standa fyrir söfnuninni. Í framhaldsskólum er þróunarfræðsla takmörkuð að mestu leyti við félagsfræðiáfangana innan félagsfræðideilda þar fræðslan byggist að mestu á námsbók sem kom út fyrir áratug.

Þetta kemur fram í skýrslu um þróunarfræðslu í skólum sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur látið gera. Við gerð skýrslunnar var kallað eftir svörum grunn- og framhaldsskóla um kennslu á þessu sviði og bárust svör frá 35 grunnskólum af 190, eða 18% skólanna, en 17 framhaldsskólar af 35 svöruðu spurningunum, eða 49%.

Meginniðurstöður skýrslunnar eru þessar:

- Lítil og ómarkviss fræðsla
- Ríkar skyldur stjórnvalda
- Fellur vel að mannréttindafræðslu
- Fellur vel að nýrri aðalnámskrá
- Takmarkað framboð námsefnis
- Engin áhersla á þróunarfræðslu í kennaranámi
- Tillaga um skipan starfshóps

Í skýrslunni segir að ekki sé við því að búast að stjórnvöld njóti stuðnings almennings við hækkun framlaga til þróunarsamvinnu ef fræðslu og kynningarstarfi sé ekki sinnt sem skyldi. Bent er á að stjórnvöld hafi ríka skyldu til þess að sjá almenningi fyrir fræðslu á sviði þróunarmála og að könnunin hafi leitt í ljós að fræðsla á þessu sviði sé langt frá því að vera viðunandi eða í samræmi við skyldur og ábyrgð stjórnvalda. Þar er meðal annars vísað til þess að samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun sé einn lykilþáttur í stefnu stjórnvalda að auka upplýsingaflæði til almennings. Ennfremur er bent á nýlega rýnskýrslu DAC, þróunarsamvinnunefndar OECD, þar sem tekið er sérstaklega fram að aðgerðir til stuðnings vitundarvakningar meðal almennings um þróunarmál séu sérstaklega mikilvægar. Þar eru menntastofnanir sérstaklega nefndar á nafn.

Rök eru færð fyrir því í skýrslunni að fræðsla um þróunarmál í skólum eigi að vera hluti af fræðslu um mannréttindi og m.a. vísað til dæma um mannréttindafræðslu í aðgerðaráætlun Sameinuðu þjóðanna frá 2005 og til skýrslu menntamálaráðuneytis frá 2008 – Mannréttindafræðsla í skólum. Bent er á að ný aðalnámskrá sé byggð á grunni mannréttinda og að fjórir grunnþættir af sex í

sameiginlegum hluta aðalnámskrár – sem gildir bæði um grunn- og framhaldsskóla – tengist náið þróunarfræðum, þ.e. lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, og heilbrigði og velferð.

Þótt fæstir grunnskólar hafi innleitt nýja aðalnámskrá og styðjist við námskrána frá 2007 skýrir það ekki litla fræðslu um þróunarmál í skólum því í samfélagsgreinahluta þeirrar námskrár er kveðið á um þekkingu og skilning á þróunarlöndum og málefnum þeirra - og beinum orðum sagt að nemendur við lok 10. bekkjar eigi að skilja mikilvægi stuðnings við þróunarlönd. „Svo virðist hins vegar vera að kennslu sé helst sinnt þar sem kennarar eða annað starfsfólk skóla hefur sérstakan áhuga á, þekkingu eða sérstaka tengingu við þróunarlönd..“ segir í skýrslunni.

Í framhaldsskólum er fræðsla um þróunarmál eingöngu í boði fyrir nemendur á félagsfræðibrautum en í samfélagsfræðihluta námsins eru áfangar í félagsfræði og landafræði þar sem sjónum er beint að þróunarríkjum, m.a. áfangi sem nefnist „félagsfræði þróunarlanda.“ Þessi fræðsla byggir víðast hvar á bókinni „Ríkar þjóðir og snauðar“ eftir Hannes Í. Ólafsson frá 2002. „Orðalag og efnisval ber aldur bókarinnar vitni og.... ljóst að mikil þörf er á nýrra námsefni fyrir framhaldsskóla,“ segir í skýrslunni.

Fjallað er um þróunarfræðslu í kennaramenntun og komist að þeirri niðurstöðu að „lítil sem engin áhersla sé lögð á þróunarfræðslu eða málefni þróunarlanda í kennaranámi“.

Í kafla um úrbætur kemur fram að leitað var álits hjá fjórtán aðilum, stofnunum og frjálsum félagasamtökum, um úrbætur í þróunarfræðslu í íslensku menntakerfi. Fimm skiluðu efnislegum svörum við spurningum. Takmarkað framboð námsefnis var sú ástæða sem oftast var nefnd. Námsgagnastofnun svaraði því hins vegar til að þegar væri til námsefni fyrir grunnskóla en „enginn nefndi þessi kennslugögn eða kennslu út frá þeim,“ segir í skýrslunni.

Í niðurstöðu skýrslunnar er lagt til að settur verði á fót starfshópur eins og sá sem menntamálaráðuneytið skipaði um mannréttindafræðslu. Gerð er tillaga um að fulltrúar frá utanríkisráðuneyti, menntamálaráðuneyti og Próunarsamvinnustofnun skipi starfshópinn.

Í niðurlagi skýrslunnar segir:

Kannað var hvernig fræðsla á þessu sviði er sinnt í helstu menntastofnunum landsins og niðurstöður voru sláandi. Framhaldsskólar virðast standa eitthvað betur að vígi en grunnskólarnir en langt frá því nægilega vel og takmarkast fræðsla að mestu eða öllu leyti við seinni stig félagsfræðideildar. Algengast er að uppistaðan í fræðslu á sviði þróunar og þróunarlanda í grunnskólum sé í tengslum við söfnun frjálsra félagasamtaka sem á sér stað einu sinni á ári. Þau samtök sem að slíku fræðslustarfi hafa komið eiga að sjálfsögðu mikið hrós skilið, ekki síst þar sem stjórnvöld hafa ekki sinnt þessum málaflokki betur en raun ber vitni, en mikilvægt er að opinberar stofnanir standi undir ábyrgð sinni hvað varðar menntun af þessu tagi.

Þróunarfræðsla á Íslandi

Inngangur

Hugmyndir um þróun og mælikvarða hennar hafa verið í stöðugri þróun og mikið breyst í gegnum árin. Upphaflega var litið svo á að þróun samfélaga væri mælanleg með vergri þjóðarframleiðslu (VPT). Fljótlega kom þó í ljós að VPT talan ein og sér gaf tíðum litlar upplýsingar um ástand mála og þá sérstaklega um lífsgæði fátækra eða fjölda þeirra. Ef auknum tekjum efri stétta fylgir lítill eða engin bót á málum þeirra fátækari getur sú aukna misskipting þvert á móti valdið frekari vandamálum innan samfélaga. Þá segir efnahagsleg þróun samfélaga, þótt misskipting sé tekin með í reikninginn, heldur ekki alla söguna og þó ýmsar hugmyndir séu uppi um hvernig þróun skuli mæld virðist engin þeirra vera fullkomin, enda ekki um einföld mál að ræða.

Þróunarfræðin og aðferðafræði þróunaraðstoðar hefur tekið nokkrum stakkaskiptum á síðastliðnum áratug eða tveimur, og er enn í hraðri þróun. Þrátt fyrir ýmsa ágalla á aðferðum í gegnum árin hefur alþjóðleg aðstoð við þróunarlöndin skilað miklum og ótvíræðum árangri. Betur má þó ef duga skal og til þess að svo megi verða er mikilvægt að fræðasvið þróunar haldi áfram að blómstra og eflast. Þá er opin umræða og skoðanaskipti meðal almennings mikilvæg bæði fræðunum og framkvæmdunum, til aðhalds og eflingar. Auk þessa er alþjóðleg þróunarsamvinna mikilvægur hluti af utanríkisstefnu Íslands og þar af leiðandi aðgerðum stjórnvalda. Þótt framlög hafi aldrei náð þeim upphæðum sem stefnt hefur verið að og Ísland skuldbundið sig til þess að veita til þessa málaflokks, er um töluverðar fjárhæðir að ræða, sem almenningur á rétt á því að fá upplýsingar um hvernig eru nýttar. Þá er ekki hægt að búast við því að stjórnvöld hljóti stuðning almennings við hækkun framlaga til þróunarsamvinnu eins og ráðgert er næstu ár ef fræðsla og kynningarstarfi er ekki sinnt sem skyldi.

Svo vel megi við una er nauðsynlegt að upplýsingunum fylgi þær forsendur sem nauðsynlegar eru til þekkingar og skilnings á þeim skuldbindingum og skyldum sem fjárveitingunum liggja til grundvallar. Öðrum kosti verða upplýsingarnar lítills virði viðtakendum, auk þess sem opin og upplýst umræða er ómöguleg án þess að allar forsendur liggi fyrir.

Í þessari skýrslu er litið til þess sem skuldbindur stjórnvöld til þess að sinna eða stuðla að fræðslu á sviði þróunar og finna má í stefnumótun, reglugerðum, landslögum og í ýmsum alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Ljóst er að stjórnvöldum ber rík skylda til þess að sjá almenningi fyrir fræðslu á sviði þróunarmála. Þá er farið yfir stöðuna eins og hún er nú, hvernig þróunarfræðsla er sinnt í almennu menntakerfi og hverjar aðstæður eru til þess að henni megi sinna. Við gerð skýrslunnar kom það skýrt fram að fræðsla á sviði þróunar er langt frá því að vera viðunandi eða í samræmi við þær skyldur og ábyrgð sem stjórnvöld hafa gengist við í málaflokknum. Loks er í skýrslunni að finna tillögur að bótum á þessum málum og hver næstu skref gætu verið svo úr þessi megi bæta.

Kafli 1: Skyldur til fræðslu og upplýsingagjafar um þróunarsamvinnu

Beinar og óbeinar skyldur og skuldbindingar til fræðslu um þróunarmál má finna víða, í íslenski stefnumótun, reglugerðum og lögum, og ekki síst í alþjóðlegum skuldbindingum Íslands í mannréttindasáttmálum, marghliða yfirlýsingum og samningum af ýmsu tagi. Hér verður stiklað á nokkrum þeirra sem hafa beina tengingu við alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.

1.1 Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands og þróunarfræðsla

Í samræmi við lög um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands nr. 121/2008 (þróunarsamvinnulög), gaf utanríkisráðherra út fjögurra ára áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu landsins (þróunarsamvinnuáætlun), fyrir árin 2011-2014. Ný áætlun sem hefur gildistíma frá 2013 til 2016 hefur verið lögð fyrir Alþingi en hún er samhljóða þeirri sem nú er gildandi um almenn markmið, stefnu og annað sem máli skiptir í samhengi þróunarfræðslu, nema upphæðir framlaga hafa breyst. Í báðum þróunarsamvinnuáætlunum kemur fram sá lykilþáttur í stefnu stjórnvalda að auka upplýsingaflæði til almennings og í samræmi við þá stefnu er lögð áhersla á aukna fræðslu um þróunarmál og kynningu á þróunarsamvinnu Íslands. Markmiðin eru aukin umfjöllun og skoðanaskipti um framkvæmd þróunarsamvinnu og málefni þróunarlanda, sem einnig stuðlar að auknu gegnsæi og veitir stjórnvöldum aðhald.

1.2 Fjárveitingar og upplýsingaflæði til almennings

Töluverðum fjármunum er veitt til þróunaraðstoðar þó Ísland hafi lengi stefnt á að veita hærri framlög en raungerst hefur. Allt frá árinu 1970 hafa viðmið alþjóðasamfélagsins kveðið á um að opinber framlög iðnríkja til þróunaraðstoðar ættu að nema 0,7% af vergum þjóðartekjum (VPT) hið minnsta.¹ Ísland hefur reglulega lagt nafn sitt og heiður við yfirlýsingar þess efnis, þar á meðal við Monterrey samþykktina 2002 sem nefnd er í Þróunarsamvinnuáætlun, en þetta viðmið og önnur markmið samþykktarinnar voru síðan enn staðfest með Doha yfirlýsingunni 2008. Árið 2012 numdu framlög enn ekki nema 0,21% af vergum þjóðartekjum (VPT) og komust þau hæst í 0,36% árið 2008, en gert er þó ráð fyrir því að framlög fari ört hækkandi næstu ár. Þetta ár er gert ráð fyrir framlögum sem samanlagt nema 0,25% af VPT og eiga þau samkvæmt nýrri Þróunarsamvinnuáætlun fyrir árin 2013-2016 að ná 0,7% árið 2019.

Rétt er að almenningi sé gerð grein fyrir því hvernig þessum framlögum er varið, og hvers vegna. Það felur í sér kynningu á starfi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) og annarri þróunarsamvinnu Íslands, en einnig að forsendur séu veittar borgurum og verðandi borgurum til þess að átta sig á þeim skuldbindingum sem framlögunum liggja til grundvallar, sem og þeim forsendum sem skuldbindingarnar, og því þróunaraðstoð og –samvinna almennt, grundvallast á.

¹ Sjá t.d. *Resolutions Adopted on the Reports of The Second Committee*, Res. 2626: „International Strategy for the Second UN Development Decade,”.

1.3 Markmið alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands og upplýsingaflæði

Markmiðið með þróunarsamvinnu Íslands er samkvæmt nýrri og nógildandi þróunarsamvinnuáætlun að „leggja lóð [Íslands] á vogarskálar í baráttunni gegn fátækt og fyrir bættum lífshæðum í fátækustu hlutum heimsins“ og að „uppfylla pólitískar og siðferðislegar skyldur sínar sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna.“² Jafnframt kemur fram í áætluninni að helsti grundvöllur þróunarsamvinnu landsins sé aðild þess að Sameinuðu þjóðunum og lögð er sérstök áhersla á þúsaldarmarkmiðin sem undanfarinn áratug hafa verið helstu viðmið alþjóðasamfélagsins í þróunarsamvinnu. Áttunda þúsaldarmarkmiðið er að styrkja hnattræna samvinnu um þróun, en efling fræðslu um og tengda þróunarmálum er ein mikilvæg forsenda þess að þróunarsamvinna megi styrkjast.

1.4 Stefna og framkvæmd þróunarsamvinnu og kynningarstarf

Í stefnuriti ÞSSÍ fyrir árin 2012-2014, *Sýn og starfshættir*, birtist stefnan um aukið upplýsingaflæði í skuldbindingu til þess að standa fyrir virkri kynningu á þróunarsamvinnu og loforði um að bregðast við áhuga skólanna á fræðslu og upplýsingum um starfsemi stofnunarinnar og það svið sem undir hana fellur, þróunarmál. Fram kemur að þetta sé gert í samræmi við stefnu stjórnvalda um að mæta kröfum samfélagsins um aukið „aðhald, stuðla að gegnsærri og ábyrgri stjórnsýslu og efla lýðræði.“³ Eins og gert er ráð fyrir í þróunarsamvinnuáætlun er aukin fræðsla nauðsynleg auknum skoðanaskiptum og umfjöllun, sem er forsenda þess að upplýsingaflæði til almennings geti staðið undir markmiðunum með því, að auka aðhald, gegnsæi og efla lýðræði. Fram kemur hins vegar í *Sýn og starfshættir 2012-2014* að upplýsingagjöf fari að stærstum hluta fram í gegnum vefsíðu stofnunarinnar.

Í 4. grein reglugerðar nr. 894/2009 um framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands kemur eftirfarandi fram um hlutverk ÞSSÍ:

Kynning á þróunarsamvinnu og málefnum þróunarlanda með það fyrir augum að efla almenna þekkingu og skilning á alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Kynningarstarf skal unnið í samræmi við árlega kynningaráætlun sem unnin er í samráði við utanríkisráðuneytið.⁴

Athygli vekur að engin sameiginleg kynningaráætlun ÞSSÍ og utanríkisráðuneytis liggur fyrir. Enn fremur virðist reglugerðin gera ráð fyrir viðameiri fræðslu og kynningarstarfi en fram getur farið í gegnum vefsíðu stofnunarinnar ef hún á að geta mætt markmiðum um að „efla almenna þekkingu og skilning á alþjóðlegri þróunarsamvinnu.“⁵

1.5 Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar og þróunarfræðsla

² Þróunarsamvinnuáætlun 2011-2014 bls. 3.

³ *Sýn og starfshættir 2012-2014* bls. 13.

⁴ 4. grein reglugerðar nr. 894/2009.

⁵ 4. grein reglugerðar nr. 894/2009.

Í 8. grein þróunarsamvinnulaga segir „Við framkvæmd þróunarsamvinnu skal fylgja viðurkenndum aðferðum, reglum og leiðbeiningum alþjóðasamfélagsins, m.a. þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar.“ Þá er á nokkrum stöðum í þróunarsamvinnuáætluninni hnykkt á mikilvægi þess að standa við skuldbindingar þær sem Ísland hefur gengist undir í þessu tilliti, og að tekið sé mið af alþjóðlegum sáttmálum, viðmiðum og verklagi samþykktu af alþjóðasamfélaginu. Í áætluninni er Þróunarsamvinnunefnd (DAC) Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) meðal þeirra alþjóðastofnana sem eru sérstaklega nefndar í þessu samhengi og tekið er fram að stefnt verði að virku samstarfi við nefndina, sem aftur mun vera liður í því að Þróunarsamvinna Íslands verði sambærileg við það sem best er gert á þessum vettvangi. Enn fremur er í áætluninni gert ráð fyrir því að Ísland hljóti fulla aðild að Þróunarsamvinnunefndinni á gildistíma áætlunarinnar, og er það ferli þegar komið vel á veg. Rýni í þróunarsamvinnu Íslands var liður í þessu ferli.

Í lokadrögum rýniskýrslu þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar á þróunarsamvinnu Íslands er tekið sérstaklega fram að aðgerðir til stuðnings vitundarvakningar meðal almennings um þróunarmál séu sérstaklega mikilvægar, og ekki síst þegar stefnan hefur verið sett á aukin framlög næstu árin. Hvatt er til með því að úr þessu verði bætt, og menntastofnanir, skólabörn og stúdentar eru meðal þeirra aðila og hópa sem sérstaklega eru nefndir í þessu samhengi.

2. kafli: Stefna í menntamálum með tilliti til þróunarfræðslu

Í þessum kafla verður litið til þeirrar skyldu stjórnvalda til þróunarfræðslu og skuldbindinga sem þau hafa gengist undir í tengslum við menntamál.

2.1 Mannréttindafræðsla á Íslandi – skýrsla Menntamálaráðuneytisins frá 2008:

Árið 2008, í kjölfar þess að ný lög um bæði grunnskóla og framhaldsskóla voru samþykkt, gaf menntamálaráðuneytið (MMRN) út skýrslu um fræðslu á sviði mannréttinda í grunn- og framhaldsskólum landsins. Skýrslan fjallar um hvernig fræðslunni var háttað, og lagðar eru fram tillögur um hvernig megi bæta hana og auka.

Í skýrslunni er að verulegu leyti litið til aðgerðaáætlunar Sameinuðu þjóðanna um mannréttindafræðslu frá árinu 2005, sem öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna samþykktu í desember 2004, og hún höfð til hliðsjónar við smíði tillagnanna sem fram koma í skýrslunni um hvernig megi stuðla að bættri mannréttindafræðslu. Aðgerðaáætlunin sem um ræðir var samþykkt í kjölfar þess að sama ár var sett á fót Heimsáætlun um mannréttindafræðslu með ályktun Allsherjarþingsins þar um. Áratug SP um mannréttindafræðslu var þá að ljúka (1995-2004) og byggt var á þeirri vinnu og reynslu sem hafði áunnist á þeim tíma. Heimsáætluninni var skipt í tvö tímabil og náði umrædd aðgerðaáætlun til fyrra tímabilsins, þar sem sjónum var beint að grunnenntun og framhaldsskólamenntun. Upphaflega átti þetta fyrsta tímabil að vera til þriggja ára, frá ársbyrjun 2005 til ársloka 2007, en það var síðar framlengt til ársloka 2009. Árið 2010 tók síðan við hið síðara tímabil sem nær til 2014, og er ætlað að stuðla að aukinni og bættri mannréttindamenntun kennara og annarra uppalenda auk ríkisstarfsmanna með sérstaka áherslu á lögreglu, hermenn og aðra sem sinna löggæslu. Þar sem Ísland tók seint við sér hvað varðar fyrra tímabilið og ekki er hægt að sjá að markmiðum þess hafi enn verið náð, á aðgerðaáætlun þess ekkert síður erindi við menntastofnanir landsins nú en í lok 2009.

Aðgerðaáætlunin, eins og heimsáætlunin, hefur það að markmiði að stuðla að aukinni þekkingu og skilningi á mannréttindum í víðum skilningi. Tekið er fram að rétturinn til þróunar skuli vera meðal viðfangsefna,⁶ en auk þess er ljóst að eins og hugtakið er lagt fram í aðgerðaáætluninni ætti slík mannréttindafræðsla að vera ómöguleg án þess að hún skaraðist að mörgu leyti við þróunarfræðslu og kæmi inn á hana við ýmis tækifæri, hið minnsta. Í aðgerðaáætluninni kemur meðal annars eftirfarandi fram:

Mannréttindafræðsla hefur það að markmiði að þróa skilning á sameiginlegri ábyrgð okkar á því að gera mannréttindi að veruleika í öllum samfélögum og í samfélaginu í heild. Í þessum skilningi

⁶ Revised draft plan of action for the first phase (2005-2007) of the World Programme for Human Rights Education, egr. 8, bls. 4. Ísl. þýð. ÞSSÍ.

stuðlar hún að langtíma forvörnum mannréttindabrota og átaka, eflingu jafnréttis og sjálfbærrar þróunar og að aukinni getu fólks til þátttöku í ferlum ákvarðanatöku í lýðræðislegu stjórnskerfi.⁷

Saga mannréttinda er að miklu leyti saga þess hvenær og hvernig mismunandi hópar fengu loks að tilheyra hugmyndinni um *allir*, annars vegar í lagalegum skilningi og hins vegar í hugum þeirra sem fyrir tilheyrðu menginu, í hugum borgaranna. Á Íslandi kennir sterkt þeirrar þröngsýni að þegar rætt er um réttindi og skyldur við náungann nái mengið *allir* einungis utan um Íslendinga, eða í besta falli aðeins fólk búsett á Íslandi, aðrir séu undanskyldir. Til þess að mannréttindafræðsla megi ná tilætluðum árangri í samanburði við aðgerðaáætlunina er nauðsynlegt að þetta sjónarmið fái að vika fyrir raunverulegum skilningi á mannréttindahugtakinu og mengi þess fólks sem réttindin tilheyra. Að *allir* sé ekki takmarkað við alla karlmenn, eða alla gagnkynhneigða, alla hvíta eða alla Íslendinga, heldur einfaldlega alla; allt mannfólk allstaðar.

Mannréttindafræðsla, í þeirri merkingu sem lögð er í hana í aðgerðaáætluninni, er jafnframt skýrð á eftirfarandi hátt:

Vönduð menntun byggð á réttindum nær til hugmyndarinnar um menntun til sjálfbærrar þróunar eins og hún er lögð fram í framkvæmdaáætlun leiðtogafundarins um sjálfbæra þróun. Menntun er séð sem ferli sem nýta má til þess að takast á við mikilvægar spurningar á borð við þróun í dreifbýli, heilsugæslu, samfélagsþátttöku, HIV/alnæmi, umhverfið, arftekna þekkingu og þekkingu frumbyggja auk víðtækari siðferðislegra málefna svo sem manngildi og mannréttindi.⁸

Öll þau dæmi sem hér eru tekin eru nátengd alþjóðlegri þróunarsamvinnu og mörg þeirra eiga mest erindi við þau viðfangsefni sem efst eru á búi í þróunarlöndum. Þá er sérstaklega tekið fram í aðgerðaáætluninni að mannréttindafræðsla skuli tengd friðarfræðum, menntun sem varðar fjölmenningu og hnattræn málefni eða gildi. Í þeim skilningi sem lagður er í hugtakið *mannréttindafræðsla* (e. human rights education) í aðgerðaráætluninni er því ljóst að óeðlilegt er að skauta framhjá þróunarfræðslu sem eðlilegum hluta af mannréttindafræðslu. Menntun byggð á grunni réttinda nær lengra en einstaklingurinn sem lærir um þau og út fyrir landamæri og stök samfélög.

2.2 Lögboðið hlutverk skóla og þróunarfræðsla

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er ekki að finna beina tilvísun til þróunarfræðslu. Hins vegar er næsta ómögulegt að uppfylla lögboðið hlutverk grunnskóla án þess að þróunarfræðsla komi þar við sögu. Samkvæmt 2. grein laganna er markmið þeirra eftirfarandi:

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. [...] Grunnskóli skal stuðla að

⁷ Revised draft plan of action for the first phase (2005-2007) of the World Programme for Human Rights Education, egr. 1, bls. 3. Ísl. þýð. ÞSSÍ.

⁸ Revised draft plan of action for the first phase (2005-2007) of the World Programme for Human Rights Education, egr. 12, bls. 6. Ísl. þýð. ÞSSÍ.

víðsýni hjá nemendum og efla færni þeirra í íslensku máli, skilning þeirra á íslensku samfélagi, sögu þess og sérkennum, högum fólks og á skyldum einstaklingsins við samfélagið, umhverfið og umheiminn.

Í þessari lögbundnu hlutverkalýsingu er ýmis hugtök að finna sem gera það að verkum að vart er hægt að uppfylla hlutverk grunnskóla með góðu móti án þess að koma inn á svið þróunarfræðslu með ýmsu móti. Í 24. grein kemur enn fremur fram að í aðalnámskrá skuli lögð áhersla á sjálfsvitund, siðgæðisvitund, félagsvitund og vitund nemenda um borgaralega ábyrgð og skyldur. Í samræmi við utanríkisstefnu Íslands og hnattvæðingu nútímans nær borgaraleg skylda og ábyrgð út fyrir landamæri Íslands. Þróunarsamvinna er samkvæmt henni hluti af tilraun Íslendinga til þess að standa undir þeirri ábyrgð og við borgaralegar skyldur sínar á alþjóðlegum vettvangi.

Önnur grein laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 um hlutverk skólanna hefur jafnvel enn nánari tengsl við svið þróunarfræðslu en sambærileg grein um grunnskólana hér að ofan:

Hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi með því að bjóða hverjum nemanda nám við hæfi.

Framhaldsskólar [...] skulu leitast við að efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfá þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar.

Siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, umburðarlyndi, jafnrétti og gagnrýnin hugsun sem eru þeim takmörkum sett að snúa einungis að Íslandi eða Vesturlöndum verða seint talin fyllilega uppfyllt sem markmið, svo vel megi vera. Glögglega má sjá að víðsýni, sem er meðal lögboðinna markmiða, er jafnframt ósamrýmanleg slíkri þröngsýni.

2.2 Aðalnámskrá – almennur hluti

Gera má ráð fyrir að einnig hafi verið litið til aðgerðaáætlunar Sameinuðu þjóðanna um mannréttindafræðslu (sjá ofar) við gerð nýrrar aðalnámskrár, en námskráin miðar einmitt að því að nám og menntun verði byggð á grunni mannréttinda, í samræmi við aðgerðaáætlunina. Tekið er fram í námskránni að litið hafi verið til barnasáttmála SP við gerð hennar, sem síðan hefur verið lögfestur, en sáttmálinn var aftur mikilvægur þáttur í þróun aðgerðaáætlunarinnar sem byggir að stórum hluta á inntaki og markmiðum sáttmálans, auk annarra mannréttinasáttmála. Þá byggir námskráin á lögum um grunn- og framhaldsskóla. Sameiginlegur hluti aðalnámskrárinnar gildir fyrir bæði grunn- og framhaldsskóla og fjallar um sex grunnþætti sem skulu liggja til grundvallar öllu skólastarfi, en þeir eru meðal annars byggðir á hlutverki skólanna samkvæmt lögnum. Fjórir þessara grunnþátta eru náskyldir mannréttindahugtakinu, en þeir eru *lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni og loks heilbrigði og velferð*. Hinir tveir eru *læsi og sköpun*. Greiðlega má sjá að fyrrnefndu grunnþættirnir fjórir tengjast náíð þróunarfræðum og mikilvægustu málefnum þróunarsamvinnu, og sérstaklega í eins víðri merkingu og lögð er í þá í nýju aðalnámskránni. Hinir tveir, eins og námskráin greinir frá þeim, gera það líka en þó á óbeinni hátt.

Í námskránni segir um grunnþættina sem slíka að þeir skuli fléttast inn í allt skólastarf og að áhrifa þeirra skuli meðal annars notið við í starfsháttum skóla, námsmati, efnisvali og inntaki náms, kennslu og leiks. Að þeir séu innbyrðis tengdir og hver öðrum háðir. Þá segir í almennum kafla um grunnþættina í sameiginlegum hluta aðalnámskrár:

Menntun til sjálfbærni, jafnréttis, lýðræðis- og mannréttinda miðar að því að börn og ungmenni skilji samfélagið eins og það er og hefur þróast. Jafnframt miðar þessi menntun að því að börn og ungmenni verði fær um að taka þátt í að móta samfélagið og öðlist þannig sýn til framtíðarinnar og hugsjónir til að beita sér fyrir.⁹

Samtímasaga Íslands er gott dæmi um farsæla þróunaraðstoð og svo íslenskum ungmennum sé kleift að skilja samfélagið og sögu þess er nauðsynlegt að þessu séu gerð góð greinarskil í menntun þeirra. Skilningur á íslensku samfélagi, sögu þess og þróun, getur aftur á móti aldrei orðið annað en afar takmarkaður ef samhengi og samanburð við önnur og annars konar samfélög, sögu þeirra og þróun, skortir. Þar koma aftur þróunarlöndin og málefni þeirra sterkt við sögu.

2.3 Lýðræði og mannréttindi í aðalnámskrá

Um grunnþáttinn *lýðræði og mannréttindi* kemur eftirfarandi fram í aðalnámskránni:

Í lýðræði taka einstaklingar afstöðu til siðferðilegra álitamála og virkan þátt í mótun samfélagsins. Í lýðræðisríki þurfa borgararnir að búa við mannréttindi og ráða öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Forsenda lýðræðis er samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær.¹⁰

Jafnframt kemur fram að gagnrýnin hugsun og skoðun á samfélagslegum grunnildum séu grundvöllur mannréttinda- og lýðræðismenntunar. Um mannréttindi og sjálfbærni, úr *Lýðræði og mannréttindi*, riti úr ritröð gefinni út af MMRN til frekari skýringa á grunnþáttum aðalnámskrár:

Í alþjóðlegu samhengi bera Vesturlönd mesta ábyrgð á þessum breytingum þótt áhrifin séu kannski alvarlegust annars staðar í heiminum. Þessi veruleiki hefur bein áhrif á mannréttindi. Aðstæður þar sem sumir geta vart dregið fram lífið og eiga hvorki í sig né á, hafa ekki aðgang að hreinu vatni eða heilsusamlegum matvælum, og hafa litla möguleika til að breyta stöðu sinni eða bjarga sér með því að nýta sér umhverfi sitt til lífsviðurværis, ganga þvert gegn jöfnuði, réttlæti og mannsæmandi lífi.¹¹

Sett í samhengi eins og gert er hér að ofan er erfitt að sjá hvernig menntun byggð á þessum grunnþætti, lýðræði og mannréttindi, í þeirri merkingu sem lögð er í hann í aðalnámskrá, getur farið fram án þess að þróunarfræðsla verði markviss og fastur hluti af kennslu. Ekki dregur heldur úr þegar aðrir grunnþættir eru skoðaðir.

2.4 Jafnrétti í aðalnámskrá

Um grunnþáttinn *jafnrétti* segir eftirfarandi í aðalnámskrá:

⁹ Aðalnámskrá grunnskóla/framhaldsskóla, almennur hluti 2011, bls. 16.

¹⁰ Aðalnámskrá grunnskóla/framhaldsskóla, almennur hluti 2011, bls. 19.

¹¹ Ritroð um grunnþætti menntunar: Lýðræði og mannréttindi, bls. 20.

Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og ungmennum að greina þær aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.¹²

Að sjálfsögðu er að finna mismunun á Íslandi og ekki hafa allir það jafn gott. Hins vegar er munurinn á ólíkum aðstæðum fólks í öðrum heimshlutum miklu meiri en fyrirfinnst innan Íslands. Munur á lífsgæðum fátæks fólks hérlandis og fátæks fólks í fátækustu ríkjunum getur verið miklu meiri en á milli á fátækra og ríkra á Íslandi. Langsamlega flestir með tryggja búsetu á Íslandi geta talist til mikilla forréttindahópa í hnattrænu samhengi, þótt erfitt sé að sjá það án víðara samhengis eða ef einungis er litið til íslensks samfélags. Í samræmi við þetta er í sama kafla námskrárinnar, um jafnrétti, að finna áherslur á hið víðara samhengi jafnréttis, sem með eðlilegum áherslum ætti að fela í sér sjónarmið út fyrir strendur Íslands og landamæri Evrópu eða Vesturlanda:

Með grunnþættinum jafnrétti er einnig lögð áhersla á að fram fari nám um menningu, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð og lífsskoðanir. [...] Einnig má skoða ólíkt aðgengi að samfélagslegum gæðum eftir stétt, búsetu og fjárráðum. Skoða má áhrif stéttar og búsetu á heilsu, náms- og atvinnumöguleika og aðgengi að valdastöðum í samfélaginu.¹³

2.5 Sjálfbærni í aðalnámskrá

Í aðalnámskrá er skýrt frá tveimur merkingum sjálfbærrar þróunar sem báðar eiga að felast í hugtakinu sem grunnþátturinn *sjálfbærni* byggir á. Annars vegar er um að ræða að þróun samfélagsins sé háttáð þannig að núlifandi kynslóðir skerði ekki möguleika kynslóða framtíðarinnar til þess að búa við sömu kjör og kynslóðir nútíðar. Hins vegar er átt við ferlið sem felst í þeim breytingum sem nauðsynlegar eru hvers kyns fyrirbæri, til dæmis samfélagi, til þess að verða sjálfbært – þróunina sjálfa.

Það kemur skýrt fram í námskránni, en vill einmitt oft gleymast, að sjálfbær þróun snýr ekki síður að velferð fólks og réttindum þeirra en umhverfisvernd og velferð annarrar náttúru. Eins og kom fram að ofan eru til dæmis afleiðingar loftlagsbreytinga þeirra sem Vesturlönd hafa átt stærstan þátt í að orsaka, oft mestar og alvarlegastar í öðrum hlutum heimsins. Meðal afleiðinga eru ófriður og mannréttindabrot. Þróunaraðstoð og –samvinna snýr meðal annars að því að stuðla að sjálfbærri þróun, koma í veg fyrir slæmar afleiðingar loftlagsbreytinga og annarra umhverfisspjalla, og takast á við þær afleiðingar sem ekki verður komið í veg fyrir úr þessu. Þar að auki hefur þróunarsamvinna almennt, og öll sú þróunaraðstoð sem samrýmist viðmiðum alþjóðasamfélagsins, alltaf að markmiði að verkefni séu eða verði sjálfbær. Þróunarfræðsla væri þannig kjörin til þess að efla skilning innan ramma þessa grunnþáttar. Enn fremur er ómögulegt að skipuleggja kennslu sem tekur fullt tillit til þessa grunnþáttar aðalnámskrár en kemur ekki inn á málefni þróunarlanda:

Í sjálfbærnimenntun felst að skapa samábyrgt samfélag þar sem sérhver einstaklingur er þroskaður sem virkur borgari, meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart

¹² Aðalnámskrá grunnskóla/framhaldsskóla, almennur hluti 2011, bls. 20.

¹³ Aðalnámskrá grunnskóla/framhaldsskóla, almennur hluti 2011, bls. 20.

hnattrænum áhrifum og jafnræði allra jarðarbúa; náttúru og umhverfi; lýðræði, mannréttindum og réttlæti; jafnrétti og fjölmenningu; velferð og heilbrigði; og efnahagsþróun og framtíðarsýn.¹⁴

Þá er í námskránni lögð áhersla á þróun og þroska viðhorfa, gilda og tilfinninga, gagnrýna, sjálfstæða hugsun og önnur tæki sem koma nemandanum að notum við myndun upplýstra skoðana. Efnisgreinin hér á eftir tengist þeim markmiðum auk þess sem hún er að stórum hluta nokkuð góð lýsing á ýmsum markmiðum þróunarfræðslu:

Til þess að ná jöfnuði þurfum við að viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð, hafa skilning á fjölbreytileika mannlífs og tryggja að fjölbreyttri menningu mismunandi hópa sé gert jafn hátt undir höfði. Í margbreytileika felst styrkur sem getur unnið bug á fátækt, stuðlað að friði og tryggt lífsskilyrði og lífsgæði fyrir alla hvar í heiminum sem þeir búa. Að gera sér grein fyrir mikilvægi eigin velferðar og annarra er forsenda sjálfbærrar þróunar.¹⁵

2.6 Heilbrigði og velferð, læsi og sköpun í aðalnámskrá

Heilbrigði og velferð

Heilbrigði tengist þróunarmálum töluvert, velferð mjög náið, ekki síst í samhengi annarra grunnþátta svo sem jafnrétti og mannréttinda. Aðalnámskrá virðist hins vegar ekki líta til hugtakanna á eins víðtækan máta og gert er með hugtökin á bak við hina grunnþættina, heldur einungis í tilliti til heilbrigðis og velferð nemendanna sjálfra. Hér verður þessi grunnþáttur því ekki skoðaður sérstaklega.

Læsi og sköpun

Eins og áður sagði tengjast þessir tveir grunnþættir, *læsi og sköpun*, þróunarfræðslu á svoltið óbeinni og ekki eins augljósan hátt og hinir. Í aðalnámskrá er aftur á móti tekið hvað víðasta mögulega merking þessara hugtaka og sett í samhengi menntunar og skólastarfs. Af skoðun skýringa þeirra í námskránni verður mikilvægi tengslanna við þróunarfræðslu og fræðslu um þróunarlöndin, mjög skýrt. Með læsi er í stuttu máli átt við getuna til þess að afla sér þekkingar í gegnum hvers kyns miðla og túlka hana og setja í samhengi við aðra þekkingu og fyrri reynslu. Sköpun er sett fram sem hæfileikinn til þess að varpa einhverju nýju ljósi. Þannig eru þessir grunnþættir tengingin á milli nemandans og heimsins, skynjunar einstaklingsins og túlkunar hans á heiminum:

Sköpun byggist á gagnrýninni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Að skapa er að fara út fyrir mengi hins þekktu og þar með auka þekkingu sína og leikni. [...] Sköpunarkraftur og innsæi eru lykilorð í þessu samhengi. Gagnrýnin hugsun er lykilþáttur í læsi og sköpun og fléttast saman við hlutverk gagnrýnnar hugsunar í lýðræði.¹⁶

Þannig eiga þróunarfræðsla og grunnþættirnir sköpun og læsi fullkomna og nauðsynlega samleið; Gagnrýnin hugsun er þar lykilþáttur, en hún grundvallast aftur á heilbrigði og raunhæfri heimsmynd. Til þess að nemendur geti átt möguleika á því að móta sér raunhæfa heimsmynd er fræðsla um þróunarlöndin og málefni tengd þeim nauðsynlegur hluti námsefnis. Sköpun og læsi, eða getan til

¹⁴ Aðalnámskrá grunnskóla/framhaldsskóla, almennur hluti 2011, bls. 18.

¹⁵ Aðalnámskrá grunnskóla/framhaldsskóla, almennur hluti 2011, bls. 18

¹⁶ Aðalnámskrá grunnskóla/framhaldsskóla, almennur hluti 2011, bls. 22.

Þess að skilja heiminn og hugmyndaflugið til þess að finna bestu leiðir til þess að bæta hann eru þeir eiginleikar sem munu halda áfram að efla og styrkja þróunarsamvinnu um allan heim:

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.¹⁷

Þótt því fylgi einnig ýmsir kostir er íslenskt samfélag að mörgu leyti takmarkað af því hvað það er lítið og einsleitt. Þó er mögulegt að setja neikvæðum afleiðingum þess ýmsar skorður og er menntakerfið mjög ofarlega á lista yfir þau verkfæri sem í boði eru til þess. Í almennum hluta nýrrar aðalnámskrár kemur fram einbeittur vilji til þess að sporna við einangrun samfélagsins og þröngsýni sem mögulegum fylgifiskum lítils samfélags. Hins vegar er góð aðalnámskrá einungis fyrsta skref í átt að raunverulegum breytingum. Hugmyndum sem settar eru fram í henni verður að fylgja á eftir með ýmsum aðgerðum á borð við veitingu fjármagns, útgáfu námsefnis auk endurmenntunar kennara og annars starfsfólks skóla ef boðskapurinn á að hafa möguleika á því að skila sér alla leið til nemenda og markmiðum námskrár skal náð. Fjallað verður nánar um það í fjórða kafla hér á eftir.

2.7 Aðalnámskrá: Samfélagsfræði - lokadrög

Einungis almennur hluti nýrrar aðalnámskrár hefur verið gefinn út og tekið gildi. Hins vegar hafa lokadrög greinahlutanna verið birt á vefnum vinnuvefur.namskra.is. Er námsgreinum skipt upp í stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði, list- og verkgreinar, erlend tungumál og íþróttir. Í samfélagsfræðihlutanum, sem hefur sterkustu tenginguna við þróunarfræðslu, er margt að finna sem hægt er að túlka sem óbeina skírskotun til þróunarfræðslu, og enn fleira þar sem málefni þróunarlanda væru fullkomlega til þess fallin að gera leiðina að markmiðunum greiða, þótt fleira komi mögulega til greina til þess að ná sömu eða svipuðum markmiðum. Í náttúrufræðihlutanum er einnig sitthvað af slíku að taka. Á hinn bóginn er námskráin, samfélagsfræðihlutinn, sett fram á mjög almennan hátt og í víðum hugtökum sem mismunand fólk með ólík áhugasvið kemur án efa til með að túlka mjög ólíkt, og hvergi er að finna hugtakið þróunarfræðsla eða óumdeilanlega skyldu til þess að fjalla um þróunarlönd, eða helsta viðfang þróunaraðstoðar, fátæktina. Þ á liggur samfélagsgreinahlutanum nokkuð þröngt sjónarhorn til grundvallar og mætti jafnvel segja að nokkurs ósamræmis gætti við orðalag, efnisval og inntak aðalnámskrárinnar hvað varðar víða sýn og hnattræn gildi, þó þau geti vel rúmast innan hans.

¹⁷ Aðalnámskrá grunnskóla/framhaldsskóla, almennur hluti 2011, bls. 17.

3. Kafli: Þróunarfræðsla – staðan í dag

Við gerð þessarar skýrslu var framkvæmd einföld könnun á því hvernig kennslu um þróunarmál er háttað í skólum á Íslandi. Könnunin fór fram með þeim hætti að sendar voru út spurningar til allra grunn- og framhaldsskóla með vefpósti og var erindið ítrekað tvisvar sinnum. Beðið var um að svör yrðu send til baka með sama hætti. Svör bárust frá 35 grunnskólum af 190, eða um 18%. Svarhlutfallið var öllu betra í framhaldsskólunum eða um 49% og voru það 17 skólar af 35 sem sendu svör.

Kennsla á sviði þróunarmála virtist almennt afar takmörkuð, en þó verulegri í framhaldsskólunum en grunnskólunum. Athygli vekur að á því stigi þar sem kennsla á sviðinu er meiri, og því meiri vinna að taka saman svör við spurningunum er þó svarhlutfallið miklu betra. Ekki er hægt að fullyrða um það þar sem það kann að eiga sér aðrar skýringar að hluta eða öllu leyti, en svo virðist vera að svör hafi frekar borist úr þeim skólum þar sem fræðsla er meiri og síður þaðan sem fræðslan er lítil eða engin. Jafnframt er það rökrétt ályktun að þeir sem sinni kennslu á sviðinu eða vinni að skipulagi hennar hefðu meiri áhuga á því að svara spurningum varðandi hana. Þrátt fyrir hversu takmörkuð fræðsla á sviði þróunarmála er samkvæmt könnuninni, kann því að vera að þetta skekki niðurstöður og gefi jákvæðari mynd af aðstæðum en raunsatt er.

Spurningarnar sem sendar voru skólunum eru svohljóðandi:

Fer fram fræðsla um þróunarmál og/eða hjálparstarf í þeim skóla sem þú stýrir?

Ef svarið er já:

Í hvaða bekkjum fer fræðslan fram?

Innan hvaða kennslugreina fer fræðslan fram?

Með hvaða hætti fer kennslan fram, hvaða kennsluaðferðum er beitt og við hvaða kennslugögn er notast?

3.1 Þróunarfræðsla í grunnskólum

Könnunin leiddi helst í ljós að í grunnskólum landsins er kennsla tengd þróunarmálum yfirleitt takmörkuð og ómarkviss þar sem hún er til staðar (sjá töflu í fylgiskjali). Þar sem hún á sér stað fer hún helst fram einu sinni á ári í tengslum við safnanir og leiki á vegum hjálparsamtaka og frjálsra félagsamtaka sem hafa starfsemi innan sviðsins. Í þessu samhengi var áberandi algengast að nefnd væru samtökin ABC barnahjálp og UNICEF á Íslandi. Þá voru nefnd SOS barnaþorpin, Rauði kross Íslands, Kristilegt félag ungra manna og kvenna (KFUM&K) og Hjálparstarf kirkjunnar. Þá sögðu þrír skólar frá samstarfi við skóla í Afríku.

Námsefni sem notast er við er að langstærstum hluta fræðslu- og kynningarefni á vegum þeirra samtaka sem standa fyrir söfnuninni sem fræðslan fer fram í tengslum við, og því tengt þeirra starfi. Yfirleitt var þó ekkert tiltekið námsefni tilgreint og mikið virðist vera notast við umræður og fyrirlestra án sérstakra hjálpargagna. Internetið, myndefni og fræðslumyndbönd voru þó nefnd nokkuð oft.

Algengast virðist vera að allir bekkir taki þátt í þeirri söfnun eða þeim atburðum sem skólarnir taka þátt í, en þegar lögð er áhersla á ákveðna bekki í tengslum við fræðslu af þessu tagi stendur miðstigið upp úr (4.-7. bekkur). Hvergi er lögð sérstök áhersla á yngsta stig í þeim skólum sem svöruðu. Samfélagsfræði var sú námsgrein sem nefnd var oftast í tengslum við fræðslu um þróunarmál, en þó virðist mjög algengt að fræðslan fari fram óháð námsgreinum eða þverfaglega. Þá var lífsleikni nefnd í þessu tilliti, náttúrufræði, trúarbragðafræði og hannyrðir. Áhersla á læsi, skerpu, siðvit, náungakærleik og sam hjálpar voru nefnd í stök skipti hvert.

3.2 Þróunarfræðsla í framhaldsskólum

Fræðsla á sviði þróunar og þróunarlanda virðist almennt takmarkast að mestu leyti við félagsfræðiáfangana innan félagsfræðideildar í framhaldsskólunum. Í svörum skólanna ber mest á áfanga sem í flestum skólum heitir FÉL 313, eða félagsfræði þróunarlanda. Í honum er almennt stuðst við kennslubókina *Ríkar þjóðir og snauðar* eftir Hannes Í. Ólafsson sem kom út fyrir rúmum áratug, árið 2002. Áfanginn er almennt kenndur nemendum við félagsfræðideild á seinni stigum framhaldsskóla. Yfirleitt virðist eitthvað vera komið inn á þessi mál í fyrsta félagsfræðiáfangi, FÉL 103 eða samsvarandi. Þar er oftast nefnd kennslubókin *Félagsfræði I – einstaklingur og samfélag* eftir Garðar Gíslason sem kom upphaflega út árið 1997 en var endurútgefin í annað sinn 2008. Í svörum kom fram að í henni er einn kafli sem fjallar sérstaklega um þróunarlönd. Komið er að einhverju leyti inn á þessi málefni í mannfræðiáfangi í fimm þeirra skóla sem sendu svör, en í öllum tilfellum þar sem námsefni var tiltekið var stuðst við bókina *Mannfræði fyrir byrjendur* eftir Gunnar Þór Jóhannsson og Þórð Kristinsson. Bókin kom út árið 2010. Í einhverjum skólum er lítillega komið inn á málefni þróunarlanda í landafræði- og/eða söguáföngum og í einstaka skólum í lífsleikni og stjórnmálafræði. Þá voru nefndir áfangar í þessu tilliti sem líklega eru ekki í boði nema í stöku skólum, svo sem áfangi um hjálparstarf, umhverfisfræði, mannréttindafræðsla, kynjafræði, sjálfböðastarf til eininga og fleira.

Meðal annarra bóka sem nefndar voru í tengslum við þróunarfræðslu í framhaldsskólum er *Landafræði: maðurinn, auðlindirnar, umhverfið* eftir Peter Östman. Sú kom út árið 2005 í þýðingu Jónasar Helgasonar, en einn kafli bókarinnar fjallar sérstaklega um þróunarlönd og þróunaraðstoð. Þá voru nefndar í einu tilviki hver bóka *Afrika sunnan Sahara í brennidepli*, ritstýrt af Jónínu Einarsdóttur og Þórdísi Sigurðardóttur (2007), *Löndin í suðri* eftir Jón Orm Halldórsson (2005), *Stjórnmálafræði: Stjórnmálastefnur, stjórnkerfi, alþjóðastjórnmál* eftir Stefán Karlsson (2009), *Ríkisfang: Ekkert* eftir Sigríði V. Jónsdóttur (2011) og bók Kristínar Loftsdóttur, *Konan sem fékk spjót í höfuðið* (2010).

Af svörum skólanna að dæma virðist þónokkuð mikið vera notast við efni af internetinu við þróunartengda fræðslu, en frekar lítið var um að tilgreint væri nákvæmlega hvaða efni væri notað og skilja mátti af svörum að oft væri það eftir hendingu hvað fyndist. Þó kom í ljós að vefir RKÍ, ÞSSÍ og vefur Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi globalis.is, eru tölvvert notaðir í þessu tilliti á miðað við umfang kennslunnar, og flóttamannaleikur RKÍ, þar sem nemendur setja sig í fótspor flóttamanna, er fastur hluti af kennslu í þónokkrum skólum. Sama má segja um fræðslumyndir og annað myndefni á vef ÞSSÍ. Af svörum mátti jafnframt skilja að vefir fleiri frjálsra félagasamtaka væru notaðir sem hluti

af kennslugögnum, auk þess sem nefnd voru mannréttindayfirlýsing SP og lífskjarakvarðinn (Human Development Index – HDI). Þá var talað um vefsíður fjölmiðla og fréttaskýringar, óskilgreint myndefni og fræðslumyndir. Tvær kvikmyndir voru tilgreindar, *Hotel Rwanda* og *The Last King of Scotland*.

Af svörum skólanna að dæma fer kennsla fyrst og fremst fram með fyrirlestrum, bæði kennara og gestafyrirlesara, verkefnavinnu og nokkuð oft með umræðum. Eitthvað er um hópastarf og samstarf við frjáls félagasamtök auk þess sem sýningar fræðslu- og heimildamynda virðast nokkuð algengur hluti af kennslunni. Í svörum kom einstaka sinnum fyrir að rannsóknarvinna og heimildaritgerðir væru nefndar sem form kennslu. Í einum skóla er nemendum boðið að gerast sjálfboðaliðar hjá RKÍ og í öðrum skóla er farið í vettvangsheimsóknir.

3.3 Aðalnámskrá grunnskóla 2007 - samfélagsgreinar

Fæstir skólar hafa enn innleitt nýja aðalnámskrá og enn er stuðst við námskrána frá 2007 í flestum þeirra. Jafnframt hafa greinahlutar aðalnámskrár enn ekki komið út í endanlegri mynd eða tekið gildi. Á miðað við niðurstöður könnunarinnar kom verulega á óvart að í meginmarkmiðum samfélagsgreinahluta aðalnámskrár frá 2007 er töluvert kveðið á um þekkingu og skilning á þróunarlöndum og málefnum þeirra. Beinum orðum er jafnframt beint að því að nemendur eldri bekkja þekki dæmi um alþjóðlega þróunaraðstoð og að við lok 10. bekkjar skilji nemendur mikilvægi stuðnings við þróunarlönd. Svo virðist hins vegar vera að kennslu sé helst sinnt þar sem kennarar eða annað starfsfólk skóla hefur sérstakan áhuga á, þekkingu eða sérstaka tengingu við þróunarlönd eða þróunarfræðslu, eða efnið er kennurum sérstaklega aðgengilegt og við hendina, þótt undantekningar séu þar á. Orsakir lítils umfangs fræðslu um þennan málaflokk hlýtur því að vera að finna annars staðar en í aðalnámskrá. Að sjálfsögðu er þó nauðsynlegt skilyrði fyrir þróunarfræðslu að hún rúmist innan ramma aðalnámskrár, og líklegra verður að teljast að henni verði sinnt af alvöru ef hún er óhjákvæmilegur hluti markmiða aðalnámskrár, til viðbótar við að önnur skilyrði þess að kennurum og menntastofnunum sé gert kleift og helst auðvelt að sinna þróunarfræðslu.

3.4 Aðalnámskrá framhaldsskóla 1999 – samfélagsgreinar og lífsleikni

Greinahluti aðalnámskrár framhaldsskóla hefur ekki verið endurnýjuð frá því 1999, en slíkt var ekki gert þegar almennur hluti síðustu námskrár fyrir framhaldsskóla kom út 2004. Innan ramma lífsleiknihlutans er vel mögulegt að finna þróunarfræðslu rými, en hvergi er komið inn á þróunarlönd í námskránni, fátækt eða önnur þau málefni sem efst eru á baugi í þróunarmálum. Þó er meðal markmiða í LKN 103 og 121 (lífsleikni) að nemandinn þroski með sér *alþjóðleg gildi*. Eina samhengið þar sem hnattræn gildi koma við sögu í markmiðum lífsleikni í brautarkjarna er í tengslum við vistkerfi jarðar.

Í samfélagsfræðihlutanum er sjónum beint að þróunarlöndum í tveimur áföngum, fyrrnefndum FÉL 303 (félagsfræði) og LAN 303 (landafræði - þróunarlönd og iðnríki). Auk þess er komið inn á málefni þróunar og/eða þróunarlanda í ÞJÓ 303 (alþjóðahagfræði) og FÉL 323 (mannfræði). Allt eru þetta þó áfangar á hærri stigum og því almennt einungis á færi nemenda á félagsfræðibraut að stunda nám í. Í

markmiðalýsingum FÉL 103 og 203 eru falin ærin tækifæri til þess að koma inn á málefni þróunarlanda en hvergi er slíkt nefnt beinum orðum.

3.5 Námsgögn

Framboð á námsgögnum sem falla innan sviðsins er heldur takmarkað, á sama tíma og skólarnir virðast ekki nýta allt það sem þó í boði er. Þá er fleira vera í boði fyrir yngri nemendur og grunnskóla, þar sem kennsla er þó meira ábótavant en á framhaldsskólastiginu, ef marka má svör skólanna við útsendum spurningum þar um. Á hinn bóginn er af mjög skornum skammti úrval formlegra námsgagna, gefin út eða viðurkennd af Námsgagnastofnun, fyrir öll þau aldursbil sem falla undir grunnskólann.

Eini framhaldsskólaáfanginn sem almennt er kenndur og fjallar í heild um þróunarlönd og málefni sem tengjast þeim, félagsfræði þróunarlanda, er yfirleitt byggður á bók sem gefin var út fyrir rúmum áratug – *Ríkar þjóðir og snauðar* eftir Hannes Í. Ólafsson frá 2002. Orðalag og efnisval ber aldur bókarinnar vitni og vegna þess hve hröð þróun þessa sviðs, sem og sumra þróunarlöndanna sjálfra, hefur verið síðastliðinn áratug er ljóst að mikil þörf er á nýrri námsefni fyrir framhaldsskóla.

3.6 Þróunarfræðsla í kennaramenntun

Haft var samband við kennaradeild menntavísindasviðs Háskóla Íslands, sem nú hefur tekið við af gamla Kennaraháskólanum, í þeim tilgangi að leita upplýsinga um hvernig þróunarfræði og málefni tengd þróunarlöndunum kæmu við sögu í kennaranáminu. Helgi Skúli Kjartansson, sagnfræðingur og prófessor við menntavísindasvið taldi einungis um tilviljanakennda kennsla á þessu sviði að ræða og að hvergi væri í gögnum deildarinnar formlega gert ráð fyrir því að kennaradeildin væri bundin til þess að sinna fræðslu af þessu tagi. Hann vissi þó af tveimur námskeiðum þetta skólaárið sem koma inn á skyld mál. Annað þeirra heitir *Er heimurinn hér? Hnattvæðing og nærsamfélag* og fjallar eins og nafnið gefur til kynna um hnattvæðingu í samhengi við íslenskt samfélag og minni samfélög á Íslandi út frá ýmsum sjónarhornum samfélagsgreinanna, en kemur einnig inn á fjárfestingar ríkari landanna í þeim fátækari. Hitt námskeiðið sem Helgi nefndi er *Nútíminn* og fjallar um þróunarfræði út frá þróun vestrænna samfélaga með íslenskt samfélag í brennidepli og sérstaka áherslu á börn, ungmenni og málefni sem þau snertir.

Ekki vannst tími til þess að fara í ítarlega skoðun á kennaranáminu við gerð þessarar skýrslu, en við grunnskoðun á kennsluskrá og af svari Helga prófessors við menntavísindasvið að dæma virðist vera að lítil sem engin áhersla sé lögð á þróunarfræðslu eða málefni þróunarlanda í kennaranámi. Fræðsla á sviði fjölmenningar hefur rutt sér til rúms sem fastur liður í kennaranáminu, en afar lítið fer fyrir skoðun á heiminum utan Vesturlanda eða frá öðrum sjónarhornum en vestrænum. Eins og í grunnskólum landsins virðist kennsla á sviði þróunarfræðslu fara nánast alfarið eftir áhugasviði og þekkingu þeirra kennara sem við deildina starfa.

Kafli 4: Þróunarfræðsla - úrbætur

4.1 Sjónarmið álitsgjafa

Leitað var álots hjá fjórtán aðilum, stofnunum og frjálsum félagasamtökum varðandi mögulegar úrbætur á skorti á þróunarfræðslu í íslensku menntakerfi. Fyrst og fremst var um að ræða aðila sem koma með einum eða öðrum hætti að menntakerfinu. Erindi voru send með vefpósti og voru einungis sjö aðilar sem brugðust með einhverjum hætti við erindinu. Aðeins fimm skiluðu efnislegum svörum við spurningunum, en það voru Félag grunnskólakennara (FG), Félag félagsfræðikennara (FF), Námsgagnastofnun, Félag Sameinuðu Þjóðanna og Samband íslenskra sveitarfélaga (SÍS).

Spurt var:

Hverjar eru að mati ykkar helstu ástæður þess að þróunarfræðsla er eins takmörkuð og raun ber vitni í grunn- og framhaldsskólum?

Hvernig mætti virkja skólana, og um leið áhuga nemenda, á þessu sviði?

Í svörum frá Námsgagnastofnun og Félagi SP kom fram sú skoðun að ástæður lítils umfangs þróunarfræðslu þyrfti að kanna sérstaklega á meðal skólafólks, þótt hugleiðingar um efnið hafi verið látnar fylgja. Meðal hinna svarendanna kom fram sú skoðun að fyrst og fremst væri við mikinn fjölda og umfang annarra greina og námsþátta að sakast, þótt flestum svarenda þætti rétt að efla kennslu á sviðinu. Eins og Námsgagnastofnun benti á geta málefni þróunarlanda og þróunarfræðsla hins vegar tengst fjölda annarra námsgreina og rúmast innan þeirra. Ef námsefni væri hannað með það í huga þyrfti aukin fræðsla á þessu sviði því ekki nauðsynlega að valda auknu álagi á nemendur eða þenja út stundatöflu.

Takmarkað framboð námsefnis var meðal þeirra ástæðna sem oftast var tilgreind, og fjármagn til framleiðslu þess. Á sömu nótum voru einnig nefnd framsetning efnisins og miðlun þess, margbreytileiki, meðfylgjandi verkefni eða verkefnabækur, ítarefni fyrir kennara og annað efni sem myndi auðvelda kennurum að nálgast efnið og skapa einföld tækifæri fyrir þá til þess að koma inn á það. Þá má nefna að Félag sameinuðu þjóðanna lýsti áhuga á því að fara að fordæmi Félags SP í Noregi og koma á samstarfi við skóla um alþjóðleg grunngildi í skólasterfinu. Skólarnir fengju þá námsefni í gegnum Félag SP og viðurkenningu sem SP skólar fyrir vikið.

Í svörum Námsgagnastofnunar kom fram að eitthvað er þegar til af námsefni fyrir grunnskóla sem veitir góð tækifæri til þess að koma inn á málefni tengd þróunarfræðslu innan annarra greina, en athygli vekur að enginn grunnskólanna nefndi þessi kennslugögn eða kennslu út frá þeim. Kanna þyrfti hvort um er að ræða að þau hafi ekki verið nýtt til þróunarfræðslu, og þá hverjar ástæður þess eru, eða hvort svarendur hafi verið óvarir um að námsefnið kæmi inn á þetta svið. Þá má ástæða þess vera að spurningarnar sem sendar voru út hafi ekki verið nægilega skýrar, eða að svarendur geri sér ekki fulla grein fyrir því hvað fellur innan sviðsins.

Þrýstingur á að þróunarfræðsla fái sitt rými innan námskrár og kennslu töldu ýmsir annað hvort nauðsynlegt eða gagnlegt til þess að fræðunum yrði úthlutað pláss, auk þess sem hvatt var til þess að samstarf skólanna við frjáls félagasamtök og hagsmunafélög yrði eflt. Velt var upp þeirri hugmynd að

utanaðkomandi aðilar hönnuðu verkefni sem fylgt væri á eftir í nokkur ár eða þar til það, og því þróunarfræðsla, væri orðið að föstum lið innan skólanna. Í því samhengi má nefna að árlegar safnanir hjálpar samtaka eru í mörgum skólum eini, eða nálægt því eini, fasti liðurinn í fræðslu sem veitt er á þessu sviði. Ekki er hægt að sjá að þær hafi, enn sem komið er, smitað út frá sér í aðra kennslu eða stuðlað að eflingu þróunarfræðslu að neinu verulegu leyti. Þá var því velt upp hvort um áhugaleysi væri að sakast og að um væri að ræða möguleg takmörk á upplýsingaflæði eða fræðslu til kennara um málefnið.

Sumir töldu málið snúa að námskrágerð en eins og stiklað var á ofar virðist kennsla í grunnskólum samt hafa verið minni en tilefni er til í samræmi við aðalnámskrá frá 2007. Þó verður að þykja líklegt að aukin áhersla á fræðin í aðalnámskrá myndi að einhverju leyti skila sér í kennslustofur landsins og án efa væri hægt að koma þróunarfræðslu alla leið í kennslustofurnar með nægilegri áherslu á hana í námskrá.

4.2 Niðurstöður og tillögur:

Í kjölfar þess að lögum um grunnskóla og framhaldsskóla var breytt árið 2008 og mannréttindafræðsla og borgaravitund varð hluti af markmiðum skólanna var settur á fót starfshópur á vegum menntamálaráðuneytisins til þess að rannsaka hver staðan væri og koma með tillögur um hvernig rétt væri að haga breytingum á skólastarfi í samræmi við aðalnámskrá og þetta nýja hlutverk skólanna. Með þessari skýrslu um þróunarfræðslu á Íslandi hefur verið lagður grunnur sem byggja má frekari skoðun á, en víðtækari rannsókn á málaflokknum er nauðsynleg svo hægt sé að setja fram vel mótaða framkvæmdaáætlun eða -tillögur. Í samræmi við það sem álitsgjafar lögðu fram er mikilvægt að unnið verði með skólunum að slíkum tillögum og að leitað sé til þeirra eftir ítarlegri upplýsingum um hvers vegna umfang þróunarfræðslu og fræðslu um þróunarlönd er eins lítil og raunin er og hvernig sé best að snúa sér í að gera á því umbætur. Í framhaldinu er því lagt til að settur verði á fót starfshópur í samræmi við það sem MMRN gerði í tilliti til mannréttindafræðslu. Í samræmi við ábyrgð á málaflokknum sem rakin var að miklu leyti ofar væri aftur á móti eðlilegast að starfshópin myndi skipa fólk úr UTN og MMRN, auk ÞSSÍ.

Hvernig forgangsröðun námsþátta er hagað á sér sennilega ýmsa orsakavalda sem spila saman og ákvarða hvað verður að lokum ofan á. Sennilegt verður að teljast að um að ræða sé samspil margra eða allra þeirra þátta sem nefndir eru að ofan, og jafnvel fleiri. Til þess má telja tímaleysi og mikið álag vegna margra námsþátta, lítið framboð námsefnis og einsleitni þess, vöntun utanaðkomandi þrýstings, menntunar, þekkingar- og því áhugasviðs kennara og takmarkaða áherslu á sviðið í aðalnámskrá, þótt það rúmist auðveldlega innan hennar.

Af svörum álitsgjafa tengdum skólunum að dæma verður að þykja fremur líklegt að tilraunir til þess að koma þróunarfræðslu að í skólunum kunni að mæta einhverri mótstöðu vegna þess mikla álags og víðs sviðs markmiða sem á kennara er lagt fyrir. Þróunarfræðsla og fræðsla um þróunarlöndin tengist hins vegar svo mörgum öðrum greinum og á grunn sinn að rekja til svo margra átta að fræðslunni ætti að vera hægt að koma þannig fyrir að hún auki hvorki álag né þenji út stundatöflu, heldur þvert á móti geri nemendum auðveldara að ná fram öðrum markmiðum aðalnámskrár í gegnum kennslufni byggt á þróunarfræðslu.

Nauðsynlegt virðist vera að leið verði fundin til þess að auka framboð og fjölbreytileika námsefnis með áherslu á að vekja áhuga bæði kennara og nemenda og gera þeim auðvelt að nálgast það á allan hátt. Margt gott efni má finna í öðrum löndum á öðrum tungumálum sem skoða má hvort hægt sé með tiltölulega einföldum og kostnaðarlitlum hætti þýða og heimfæra. Eins er grundvallaratriði að skoða góðar leiðir til þess að vekja athygli á og dreifa námsefninu. Kanna ætti möguleika á samstarfi og/eða opinberum stuðningi við frjáls félagasamtök sem starfa innan sviðsins, eyrnamerkt fræðslu og/eða útgáfu fræðsluefnis.

Ýmis nágrannalönd okkar hafa sinnt fræðslu af þessu tagi um árabíl og árangur verið góður, en margt mætti læra með því að skoða hvað hefur gefist vel og hvað illa annars staðar. Þá ber helst að líta til Írlands, sem virðist standa hvað fremst í þessum málum og náð miklum árangri með sínu starfi innan sviðsins. Finnland hefur einnig verið lofað sérstaklega fyrir sinn árangur og kann að standa okkur nær hvað samanburð á menntamálum varðar. Jafnframt benti Próunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (DAC) í rýnskýrslu sinni Íslendingum á að Portúgal stóð nýlega í því ferli að setja saman framkvæmdaáætlun um hnattræna menntun (global education) í samvinnu við þrjá meðlimi DAC sem hafa staðið hvað best að þessum málum á heimaslóðunum, Austurríki, Finnland og Írland. Upplýsingar um ferlið og/eða samstarf við þessa aðila gæti reynst afar gagnlegt.

Niðurlag

Skilningur og þekking á þróunarsamvinnu og málefnum þróunarsamvinnu er mikilvægt henni sjálfri, en ekki síður íslensku samfélagi: skortur á þekkingu á þessum málum þýðir brenglaða heimssýn og óupplýst, eða ekki ásættanlega upplýst samfélag – til þess að geta myndað sér upplýsta skoðun er nauðsynlegt að hafa allar forsendur til þess. Skoðun á heiminum og heimsmynd mótuð án þess að þekkja aðstæður fólks utan Evrópu eða skilja heiminn að svo til neinu leyti nema fyrir innan landamæri Evrópu, eða Vesturlanda, getur ekki talist undir neinum kringumstæðum upplýst. Hlutverk menntakerfisins í heild er þó einmitt það, að stuðla að upplýstu samfélagi.

Kannað var hvernig fræðsla á þessu sviði er sinnt í helstu menntastofnunum landsins og niðurstöður voru sláandi. Framhaldsskólar virðast standa eitthvað betur að vígi en grunnskólarnir en langt frá því nægilega vel og takmarkast fræðsla að mestu eða öllu leyti við seinni stig félagsfræðideildar. Algengast er að uppistaðan í fræðslu á sviði þróunar og þróunarlanda í grunnskólum sé í tengslum við söfnun frjálsra félagasamtaka sem á sér stað einu sinni á ári. Þau samtök sem að slíku fræðslustarfi hafa komið eiga að sjálfsögðu mikið hrós skilið, ekki síst þar sem stjórnvöld hafa ekki sinnt þessum málaflokki betur en raun ber vitni, en mikilvægt er að opinberar stofnanir standi undir ábyrgð sinni hvað varðar menntun af þessu tagi.

Raknar hafa verið helstu stoðir þess að MMRN beri að stuðla að aukinni fræðslu á sviði þróunar og málefnum þróunarlanda. Skylda til þess að sinna eða stuðla að fræðslu innan sviðsins fellur þó að hluta á utanríkisráðuneytið og ÞSSÍ að auki eins og fram hefur komið. Lagt er til að stofnanirnar þrjár gangi í samstarf um málefnið og myndi starfshóp til frekari rannsókna svo leggja megi fram sameiginlega framkvæmdaáætlun eða -tillögur um hvernig úrbótum megi haga. Að lokum voru dregnar saman tillögur um áframhaldandi rannsóknir og skoðun á málaflokknum.

Heimildir og ítarefni

Bækur, skýrslur, ritgerðir o.s.frv.

Annette Honan, „Opportunities for development education within formal education in the Republic of Ireland,“ *Policy & Practice: A Development Education Review*, 1sta bindi, bls. 20-30 (2005). Sjá: <http://www.developmenteducationreview.com/issue1-focus2>.

Áslaug Ragnarsdóttir, *Mannréttindi og menntun: mannréttindakennsla í grunnskólum*, Lokaverkefni til B.A. prófs í Uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið (2010). Sjá <http://skemman.is/stream/get/1946/6941/17820/1/Skemman.pdf>.

Council of the European Union, the European Commission and the European Parliament, *The European Consensus on Development: The contribution of Development Education & Awareness Raising* (2007). Sjá: http://ec.europa.eu/europeaid/infopoint/publications/development/36b_en.htm.
Developing European's Engagement for the Eradication of Global Poverty (DEEEP), *Youth and children in Development*, úr ritröðinni DeEEP Thematic Dossier (Brussel: DEEEP, 2011). Sjá: <http://www.deeep.org/images/stories/ThematicDossiers/thematic%20dossier%20-%20youth%20and%20children%2010%20october%202011.pdf>.

Development Co-operation Directorate of the OECD (DCD-DAC) *Special Review of Iceland – Draft Report DCD(2012)7* (2013).

Development Co-operation Directorate of the OECD (DCD-DAC), *Effective Aid Management: Twelve Lessons from DAC Peer Reviews* (Danvers: OECD 2008). Sjá <http://www.oecd.org/dac/peer-reviews/40720533.pdf>.

Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir og Torfi Hjartarson, *Sköpun: Grunnþáttur í menntun á öllum skólástigum*, ritröð MMRN um grunnþætti menntunar (e.s.: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun, 2012). Sjá: <http://nams.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=304ef5d2-d87b-4e0a-88c2-0408e4ec1a4d>.

Háskóli Íslands, *Stefna Háskóla Íslands 2011-2016*. Samþykkt á háskólaþingi 7. desember 2010 og í háskólaráði 17. desember 2010. Sjá: http://www.hi.is/sites/default/files/oldSchool/stefna_hi_2011_2016.pdf.

Hermann Örn Ingólfsson og Jónas H. Haralz, Ísland og þróunarlöndin: Álitsgerð um þróunarsamvinnu Íslands og þátttöku í starfi alþjóðastofnana (e.s.: e.ú., 2003). Sjá http://www.utanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Island_og_throunarlondin.pdf.

Ingólfur Ásgeri Jóhannesson (ritstj.), Andi sjálfbærrar þróunar í námskrám og menntastefnu – náum honum til jarðar: Skýrsla 1 (Reykjavík: Símenntun – rannsóknir – ráðgjöf, 2008). Sjá: https://skrif.hi.is/geta/files/2009/02/p4_300408.pdf.

Instituto Portuges de Apoio ao Desenvolvimento (IPAD), National Strategy for Development Education (2010-2015): Portugal (e.s.: e.ú., e.d.). Sjá <http://www.deeep.org/images/stories/NationalStrategies/protugal%20national%20de%20strategy.pdf>.

Irish Aid, Department of Foreign Affairs, *Development Education: Strategy Plan 2007–2011: Promoting public engagement for development* (Dublin og Limerick: Irish Aid, Department of Foreign Affairs, e.d.). Sjá

<http://www.irishaid.gov.ie/media/irishaid/allwebsitemedia/20newsandpublications/publicationpdfsenglish/development-education-strategy-plan-2007-2011.pdf>.

Irish Development Education Association (IDEA), *Supporting and Advancing Development Education: What is Development Education?* (IDEA: Dublin, e.d.). Sjá

http://www.ideaonline.ie/sites/default/files/IDEA_What_is_Dev_Ed_Leaflet_FINALpdf.pdf og

<http://www.ideaonline.ie/content/about-development-education>.

Kristján Þór Sverrisson, *Þróunarhjálp*, verkefni í námsefnisgerð við Háskólann í Reykjavík 2011.

Menntamálaráðuneytið, *Mannréttindafræðsla á Íslandi: tillögur um mannréttindafræðslu í grunn- og framhaldsskólum* (Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 2008). Sjá

http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodes/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/A4B5BEB199333C8D002576F00058DCFA/Attachment/skyrsla_mannrettindafræðsla_08.pdf.

Ministry of Education, Finland, International Relations, *Global education 2010*, Publications of the Ministry of Education, Finland nr. 12:2007 (Helsinki: Ministry of Education, 2007).

Ólafía Erla Svansdóttir, *Námsefni í mannréttindakennslu og þróunarmálum* (Nýsköpunarsjóður námsmanna og UNICEF á Íslandi, 2006).

Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, *Lýðræði og mannréttindi: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*, ritröð MMRN um grunnþætti menntunar (e.s.: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun, 2012). Sjá: <http://nams.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2d8eeceb-2fbc-46d7-bb71-e108ed60d35f>.

United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization (UNESCO) og United Nations Office of the High Commissioner for Human Rights (OHCHR) *Plan of Action - World Programme for Human Rights Education: First Phase* (New York og Genf: UN, UNESCO og OHCHR, 2006). Sjá:

<http://unesdoc.unesco.org/images/0014/001478/147853e.pdf>.

United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization (UNESCO) og United Nations Office of the High Commissioner for Human Rights (OHCHR), *Plan of Action - World Programme for Human Rights Education: Second Phase* (New York og Genf: UNESCO og OHCHR, 2012). Sjá

http://www.ohchr.org/Documents/Publications/WPHRE_Phase_2_en.pdf.

Stefán Jökulsson, *Læsi: Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*, Ritroð MMRN um grunnþætti menntunar (e.s.: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun, 2012). Sjá:

http://vefir.nams.is/grunnthaettir/grunnthaettir_laesi.pdf.

Utanríkisráðuneytið, Áherslur í samstarfi stjórnvalda við háskólasamfélagið á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands – drög 12. febrúar 2013.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ), *Sýn og starfshættir 2012-2014* (Reykjavík: ÞSSÍ, 2012). Sjá:

<http://www.iceida.is/media/pdf/Syn-og-starfshaettir-2012-2014.pdf>.

Össur Skarphéðinsson, *Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál. (Lögð fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012–2013)* (e.s.: e.ú., 2013).

Íslensk lög, reglugerðir o.fl.

„Tillaga til þingsályktunar um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands“ 2013–2016. Þingskjal 995, 582. mál. Sjá <http://www.althingi.is/altext/141/s/0995.html>. Sjá: <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=CEEBAFE59D69D4F5002576F00058DC39&action=openDocument>.

Lög um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands nr. 121/2008, útgáfa 136a. Sjá <http://www.althingi.is/dba-bin/unds.pl?txti=/wwwtext/html/lagasofn/136a/2008121.html&leito=%25DEr%25F3unarsamvinna#word1>.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, útgáfa 141a. Sjá <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html>.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008, útgáfa 135b. Sjá <http://www.althingi.is/lagas/135b/2008091.html>.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, „Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011, almennur hluti“ (e.s.: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, e.d.). Sjá: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/3442E1BA50DDCB6F002579CD004E09C0/Attachment/adalnscr_frsk_2012.pdf.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, „Aðalnámskrá grunnskóla 2011, almennur hluti“ (e.s.: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, e.d.). Sjá: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/47E0CDCA01EB8B77002579CD005A2D2B/Attachment/adalnscr_grsk_alm_2012.pdf.

Menntamálaráðuneytið, „Aðalnámskrá framhaldsskóla, lífsleikni 1999“ (Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 1999). Sjá: <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/03CA892561650ECF002576F00058D4C4/Attachment/AFlifsleikni.pdf>.

Menntamálaráðuneytið, „Aðalnámskrá framhaldsskóla, samfélagsgreinar 1999“ (Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 1999). Sjá: <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/AC338D47D5130BE002576F00058D4CA/Attachment/AFsamfelagsgreinar.pdf>.

Menntamálaráðuneytið, „Aðalnámskrá framhaldsskóla, almennur hluti 2004“ (Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 2004). Sjá: <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/2E2B4D24A5610ACE002576F00058D975/Attachment/Mmal.pdf>.

Menntamálaráðuneytið, „Aðalnámskrá grunnskóla, lífsleikni 1999“ (Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 1999). Sjá: <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/5E84ECB6C2655C0F002576F00058D4B5/Attachment/AGLifsleikni.pdf>.

Menntamálaráðuneytið, „Aðalnámskrá grunnskóla, samfélagsgreinar 2007“ (Reykjavík: Menntamálaráðuneytið, 2007). Sjá: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/2B5AA74345571C4C002576F00058DC5E/Attachment/adalnamskra_grsk_samfelagsgreinar.pdf.

Reglugerð um framkvæmd alþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands Nr. 894/2009. Sjá <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=c3f7a3cf-462a-4a31-8208-bbe884a1b5ce>.

Utanríkisráðuneytið, „Áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2011–2014.“ Sjá: <http://www.utanrikisraduneyti.is/media/throunarsamvinna/Aaetlun-um-althjodlega-throunarsamvinnu-Islands-2011-2014.pdf>.

Alþjóðasáttmálar, yfirlýsingar, ályktanir o.s.frv.

Organisation for Economic Co-operation and Development, The Paris Declaration on Aid Effectiveness and the Accra Agenda for Action (2005/2008). Sjá <http://www.oecd.org/dac/effectiveness/43911948.pdf>.

United Nations General Assembly, fifty-ninth session, *Draft plan of action for the second phase (2010-2014) of the World Programme for Human Rights Education Note by the United Nations High Commissioner for Human Rights, A/59/525/Rev.1* (2005).

United Nations General Assembly, fifty-ninth session, *Resolution adopted by the General Assembly [without reference to a Main Committee (A/59/L.65 and Add.1)] 59/113. World Programme for Human Rights Education: B, A/RES/59/113 B* (2005).

United Nations General Assembly, fifty-ninth session, *Resolution adopted by the General Assembly [without reference to a Main Committee (A/59/L.43 and Add.1)] 59/113. World Programme for Human Rights Education, A/RES/59/113* (2005).

United Nations General Assembly, fifty-ninth session, *Revised draft plan of action for the first phase (2005-2007) of the World Programme for Human Rights Education, A/59/525/Rev.1* (2005).

United Nations General Assembly, forty-fourth session, *Convention on the Rights of the Child, A/RES/44/25* (1989). Sjá <http://www.un.org/documents/ga/res/44/a44r025.htm>.

United Nations General Assembly, twenty-fifth session, *Resolutions Adopted on the Reports of The Second Committee, Res. 2626: „International Strategy for the Second UN Development Decade,“ A/RES/25/42* (1970). Sjá <http://daccess-dds-ny.un.org/doc/RESOLUTION/GEN/NR0/348/91/IMG/NR034891.pdf?OpenElement>.

United Nations General Assembly, *Vienna Declaration and Programme of Action, A/CONF.157/23* (1993),. Sjá <http://www.unhcr.org/refworld/docid/3ae6b39ec.html>.

United Nations, International Conference on Financing for Development Monterrey, Mexico, 18-22 March 2002, *Monterrey Consensus of the International Conference on Financing for Development* (e.s.: United Nations Department of Public Information, 2003). Sjá <http://www.un.org/esa/ffd/monterrey/MonterreyConsensus.pdf>.

United Nations, International Conference on Financing for Development Monterrey, Mexico, 18-22 March 2002, *Report of the International Conference on Financing for Development, A/CONF.198/11* (New York: United Nations, 2002). Sjá: <http://www.unmillenniumproject.org/documents/aconf198-11.pdf>.

Vefsíður o.fl.

Drög að nýjum aðalnámskrám, greinahlutum, auk ýmissa upplýsinga um gerð þeirra má finna á vefnum: <http://vinnuvefur.namskra.is/>.

Kennsluskra Háskóla Íslands 2012-2013:

<https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=-2012>.

Mýrarhúsaskóli, „Sérstök þróunarverkefni,“ sjá <http://www.seltjarnarnes.is/media/skolanamskra/stefna-og-throun/throunarverkefni.pdf>.

Veftímarit um þróunarfræðslu í Írlandi: <http://www.developmenteducationreview.com/>.

Vefur DEEEP - Developing European's Engagement for the Eradication of Global Poverty: <http://deEEP.org/>.

Vefur haldið úti í samvinnu írskra stofnana og frjálsra félagasamtaka á sviði þróunar þar sem nálgast má ýmsar upplýsingar um kennslu og námsefni sem fellur innan þróunarfræðslu, auk námsefnis og kennslugagna (sjá sérstaklega resources og teachers&educators): <http://www.developmenteducation.ie/>.

Vefur írsku þróunarsamvinnustofnunarinnar, Irish Aid: <http://www.irishaid.gov.ie/teaching-and-learning/>.

Vefur kennaradeildar, menntavísindasviðs Háskóla Íslands: <http://www.hi.is/kennaradeild/kennaradeild>.

Vefur Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna (Office of the United Nations High Commissioner for Human Rights) um heimsáætlun SP um mannréttindafræðslu (World Programme for Human Rights Education): <http://www2.ohchr.org/english/issues/education/training/programme.htm>.

Vefur National Youth Council of Ireland; Development Education Programme: <http://www.youthdeved.ie/>.

Vefur Rauða Kross Íslands, sjá sérstaklega lista yfir útgefið fræðsluefni: http://www.raudikrossinn.is/page/rki_umokkur_fraedsluefni_utgefidefni.